

Innflutningur búvöru og heilbrigði manna og dýra: Útdráttur

Food Control Consultants Ltd. hefur unnið skýrslu þessa fyrir Félag atvinnurekenda. Tilgangurinn er að fá óháð vísindalegt mat á mögulegum áhrifum þess fyrir lýðheilsu og heilbrigði dýra á Íslandi ef aflétt yrði annars vegar banni við innflutningi á fersku kjöti og hins vegar banni við innflutningi á ferskum eggjum og mjólkurvörum úr ógerilsneyddri mjólk. Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA brjóta þessi bönn gegn EES-samningnum og byggjast ekki á vísindalegum rökum. EFTA-dómstóllinn og Héraðsdómur Reykjavíkur hafa komist að þeirri niðurstöðu að bann við innflutningi á fersku kjöti fari í bága við EES-samninginn.

Skýrsluhöfundar eru Ólafur Oddgeirsson og Ólafur Valsson, en báðir eru með áratuga starfsreynslu á sviði dýralækninga, matvælaeftirlits og matvælaöryggis. Food Control Consultants hefur unnið að verkefnum um allan heim, m.a. mörg verkefni fyrir stofnanir Evrópusambandsins. Fyrirtækið gerði m.a. skýrslu fyrir landbúnaðarráðuneytið árið 2000 um áhrif EES-samningsins á íslenskan landbúnað og stuttu síðar skýrslu um kúariðu og nýtt afbrigði af Creutzfeldt-Jakob-sjúkdómi. Þá vann fyrirtækið árið 2005 skýrslu fyrir stjórnvöld um tilvísunarrannsóknastofur á Íslandi og endurbætti skýrslu sína um EES-samninginn með tilliti til nýrrar ESB-matvælaöryggjafar. Árið 2006 gerði FCC skýrslu fyrir Bændasamtök Íslands í samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands um nýtt frumvarp til laga um dýraheilbrigði, matvæla- og fódureftirlit. Nýlega tók fyrirtækið þátt í úttekt á Matvælastofnun fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Sömu reglur og eftirlit í ESB og á Íslandi

Í skýrslunni er fjallað um matvælaeftirlit á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Kerfi ESB byggir á sameiginlegum reglum þar sem ábyrgð framleiðanda er mikil og skýr og opinbert eftirlit á framleiðslustað þar sem yfirvöld hvers ríkis fyrir sig ábyrgjast að framleiðendur uppfylli þær reglur sem settar hafa verið. Þá er eftirlit með dýrasjúkdómum mikið þar sem flutningur á lifandi dýrum sérstaklega en einnig verslun með afurðir dýra getur, ef ekki er rétt að staðið, stuðlað að útbreiðslu dýrasjúkdóma. Sömu reglur gilda á Íslandi og í ESB um eftirlit með matvælum.

Lítið samhengi á milli lyfjapölinna baktería í fólki og matvælum

Fjallað er meðal annars um rannsóknir á lyfjapoli baktería í dýrum og mönnum, en talsverð umræða hefur verið um sýklalyfjagjöf í landbúnaði í ríkjum EES og hugsanleg áhrif hennar á lyfjapol baktería í dýrum og mönnum. Í skýrslunni kemur fram að þekkingu á lyfjapoli hefur fleygt fram á undanförunum árum enda er lyfjapol baktería talin ein helsta heilbrigðisvá sem mannkynið stendur frammi fyrir. Þó að margt sé vitað er einnig margt sem enn er óljóst um hvernig lyfjaónæmi dreifist. Matvæli eiga þar vissulega einhvern þátt þó að töluvert vanti upp á þekkingu á hversu stór sá þáttur er. Nýlegar rannsóknir í Danmörku og Hollandi benda þó til að lítið samhengi sé á milli lyfjapölinna baktería í fólki og þeirra sem finnast í matvælum. Einnig kann umhverfi að hafa áhrif þótt ekki sé ljóst hversu stór sá þáttur er.

Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn lyfjapolnum bakteríum

Allar helstu alþjóðastofnanir benda á að skilvirkasta leiðin til að hamla útbreiðslu lyfjapolinna baktería séu fyrirbyggjandi aðgerðir. Þær eru helstar að tryggja rétta notkun sýklalyfja bæði í heilbrigðiskerfinu sem og í landbúnaði. Á sama hátt hefur verið bent á að besta leiðin til að takmarka þátt umhverfisins sé að koma í veg fyrir mengun frá stöðum þar sem vitað er að bakteríur geta sloppið út í umhverfið. Skólpi og frárennsli virðist þar vera helsti skaðvaldurinn, sérstaklega finnst mikið af lyfjapolnum bakteríum í skólpi frá spítölum. Einnig er mikið magn lyfjaleifa í skólpi frá spítölum.

Markviss barátta við lyfjaónæmar bakteríur verður að mati skýrsluhöfunda að byggja á þeirri þekkingu sem best er hverju sinni. Í ljósi þeirrar þekkingar sem nú er til staðar ættu íslensk yfirvöld því að beita sér fyrir réttri og ábyrgri notkun sýklalyfja, ábyrgri förgun lyfja, fræðslu til almennings og tryggja að hreinsun skólps og frárennslis sé eins og best verður á kosið um allt land en komið hefur í ljós nýverið að þar virðist pottur víða brotinn. Enn ríkari ástæða er til að huga vel að frárennslismálum þar sem gífurleg aukning hefur verið í fjölda fólks á landinu á hverjum tíma vegna vaxandi ferðamannastraums.

Innflutningur á ferskum búvörum hefur ekki áhrif á heilsu manna og dýra

Meginniðurstaða skýrslunnar er að ekki séu haldbær rök fyrir því að innflutningur á ferskum eggjum, vörum úr ógerilsneyddri mjólk og fersku kjöti muni hafa neikvæð áhrif á lýðheilsu fólks og heilsufar dýra. Ekki virðist heldur hægt að fullyrða að innflutningur á þessum vörum muni hafa áhrif á útbreiðslu lyfjapolinna baktería. Aukinn fjöldi fólks sem ferðast til og frá landinu virðist líklegri til að hafa áhrif á útbreiðslu lyfjapöls en innflutningur á matvælum.

Höfundar skoðuðu sérstaklega stöðuna í Noregi, en þar hefur ferskt kjöt, egg og mjólkurvörur úr ógerilsneyddri mjólk verið flutt inn um árabíl í samræmi við reglur EES. Niðurstaðan er að frjálst flæði þessara vara hafi hvorki haft áhrif á lýðheilsu né dýraheilbrigði í Noregi.

Svör við einstökum spurningum

Félag atvinnurekenda lagði fyrir skýrsluhöfunda sjö spurningar og fer útdráttur úr svörum hér á eftir.

1. *Hvaða áhrif gæti afnám innflutningsbanns á ferskum eggjum og vörum úr ógerilsneyddri mjólk haft á dýraheilbrigði og lýðheilsu á Íslandi?*

Eingöngu væri hægt að aflétta innflutningsbanninu gagnvart vörum sem eru framleiddar í öðrum EES-ríkjum og lúta þannig sama heilbrigðiseftirliti og íslenskar búvörur, og gagnvart vörum sem framleiddar eru í þriðju ríkjum sem hafa fengið leyfi ESB til innflutnings frá fyrirframsamþykktum framleiðendum. Í ljósi þess að eftirlit með framleiðslu bæði mjólkur og eggja er sambærilegt, í það minnsta, við íslenskt eftirlit og á sumum sviðum betra en hið íslenska sem og að Íslendingar ferðast mikið til landa ESB og neyta þar þessara afurða verður að telja að innflutningur á ferskum eggjum og afurðum úr ógerilsneyddri mjólk hafi óverulegar ef nokkrar afleiðingar á lýðheilsu á Íslandi. Hvað varðar dýraheilbrigði, þá er ljóst að afurðir dýra geta í vissum tilfellum borið með sér smitefni. Þetta á einnig við um fersk egg og hugsanlega afurðir úr ógerilsneyddri mjólk. Í ljósi þess eftirlits-, vöktunar- og tilkynningakerfis sem ESB hefur þróað verður að telja að óverulegar líkur séu á að smitefni

berist með ógerilsneyddri mjólk eða ferskum eggjum sem flutt eru inn og uppfylla þær reglur sem gilda í ESB. Höfundar eru þeirrar skoðunar að líkur á því að innflutningur í samræmi við þær reglur sem gilda í EES-ríkjum hafi neikvæð áhrif á dýraheilbrigði á Íslandi séu óverulegar.

2. Hvaða áhrif gæti afnám frystiskyldu á kjöti sem flutt er inn frá öðrum aðildarríkjum EES haft á dýraheilbrigði og lýðheilsu á Íslandi?

Í nýlegri greinargerð starfshóps um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi er fjallað um áhrif frystiskyldu og réttilega bent á að frystiskylda hafi lítil áhrif ef nokkur á smitefni sem borist geta með kjöti, nema helst kampýlobakter. Ljóst virðist því að tilgangur frystiskyldunnar er fyrst og fremst að setja kjötið í einangrun. Frystiskyldan bendir því til að íslensk stjórnvöld treysti illa því kerfi sem sett hefur verið upp í ESB bæði hvað varðar matvælaeftirlit og eftirlit með heilbrigði dýra. Í því sambandi má aftur minna á að Ísland þurfti að grípa til viðamikilla aðgerða við innleiðingu núverandi matvælalöggjafar ESB til að standast þær kröfur sem þær reglur gera.

Ekki verður séð að frystiskyldan sé byggð á neinu vísindalegu mati á áhrifum hennar né hefur innflutningur á kjöti sem er í þessari „söttkví“ verið stöðvaður vegna þess að upp hafi komið smitsjúkdómur á þeim tíma sem kjötið var í „söttkví“. Höfundum er ekki kunnugt um að verslun með hrátt kjöt frá ESB hafi valdið útbreiðslu smitsjúkdóma í Noregi, né heldur hafi hún haft áhrif á lýðheilsu Norðmanna. Skýrsluhöfundar telja að frystiskyldan hafi óveruleg áhrif á dýraheilbrigði og lýðheilsu á Íslandi og að beita mætti öðrum aðgerðum sem eru síður til þess fallnar að hindra viðskipti með þessar vörur.

3. Gætu stjórnvöld gripið til aðgerða til að takmarka hættu á mögulegum neikvæðum áhrifum sem væru minna íþyngjandi en bann við innflutningi á fersku kjöti?

Ákveðin lönd innan EES (hin norrænu ríkin fjögur) hafa fengið svokallaðar viðbótartryggingar vegna viðskipta með matvæli sem hefur það í för með sér að taka þarf sýni af viðkomandi vörusendingum og gefa út vottorð um að varan sé ekki menguð, t.d. af salmonella. Vegna þess að hægt er að nota viðbótartryggingar sem viðskiptahindrun gilda strangar reglur um beitingu þeirra. Sanna þarf að viðkomandi land eða svæði sé laust við ákveðinn sjúkdóm eða að sett hafi verið upp áætlun til að hindra útbreiðslu hans og útrýma sjúkdómnum. Þetta þarf að sanna með vísindalegum aðferðum. Íslensk stjórnvöld geta sótt um viðbótartryggingar og á grundvelli þeirra sett skilyrði um að ferskt kjöt verði að uppfylla ákveðnar kröfur, t.d. að fyrir liggi niðurstöður um salmonella eða kampýlobakter. Ákveðnu ferli þarf að fylgja til að sækja um slíkt, fyrst og fremst að gera áætlun um aðgerðir, þ.m.t. sýnatökur og aðgerðir þeim tengdar. Þessi aðferð er talin minna íþyngjandi og í fullu samræmi við þær reglur sem settar hafa verið fyrir önnur Norðurlönd.

4. Hvort er meiri ógn við dýraheilbrigði og lýðheilsu á Íslandi, innflutningur á fersku kjöti eða mikil fjölgun ferðamanna?

Skoðun höfunda varðandi hættu á matarsýkingum er að svo framarlega sem íslensk yfirvöld fylgist vel með tilkynningakerfum ESB og að miðað sé við að kjötið sé flutt inn frá löndum sem annaðhvort eru hluti af sameiginlega markaðinum eða hafa leyfi til innflutnings á þann

markað, sé sú hætta sem stafar af mikilli aukningu ferðamanna meiri en hættan af innflutningi á fersku kjöti, sérstaklega ef ferðalög Íslendinga eru talin með í fjölgun ferðamanna. Varðandi dýrasmitsjúkdóma telja skýrsluhöfundar að það stafi greinilega meiri hætta af óheftri för ferðamanna, bæði erlendra á Íslandi og Íslendinga erlendis, en af viðskiptum með ferskt kjöt, svo fremi að innflutningurinn sé í fullu samræmi við þær reglur sem gilda í EES-ríkjum. Ekki er ástæða til að ætla að íslenskar vörur bjóði upp á betri tryggingar um efnainnihald og mengun en gerist hjá nágrennapjóðum. Niðurstaða höfunda er því að hvað varðar hættu á efnamengun beri innflutningur á fersku kjöti sömu eða svipaða áhættu og innlent ferskt kjöt.

5. *Felur innflutningur á kjöti, hvort heldur er fersku eða frosnu, frá öðrum ríkjum EES, í sér hættu á auknu sýklalyfjaónæmi í fólki vegna meiri sýklalyfjanotkunar í þessum ríkjum en á Íslandi?*

Lyfjapol sýkla hjá fólki er mikið algengara en hjá dýrum. Þær rannsóknir sem höfundar könnuðu sýna að mjög takmarkað samband er milli lyfjapols sýkla hjá dýrum og hjá mönnum. Undantekning er fólk sem vinnur við húsdýrahald. Höfundar eru sammála þeirri skoðun, sem komið hefur fram í þeim rannsóknum sem vísað er til, að það sé takmörkuð skörun milli lyfjapols sýkla í mönnum og dýrum. Lyfjanotkun í mönnum er yfirgnæfandi meiri en í dýrum, notkun á sýklalyfjum til að auka vöxt dýra hefur verið bönnuð í Evrópu í mörg ár og mörgum öðrum löndum. Það er því líklegt að myndun lyfjapols í fólki sé sjálfstætt ferli sem byggist á mikilli notkun sýklalyfja enda eru töluverð tengsl á milli notkunar og lyfjapols.

6. *Gilda aðrar reglur í öðrum ríkjum EES en á Íslandi hvað varðar eftirlit með sýklalyfjaleifum og fjölnæmum bakteríum í kjöti?*

Reglur um lyfja- og efnaleifar í matvælum eru þær sömu á Íslandi og í öðrum EES-ríkjum, þar með talið þær aðgerðir sem grípa skal til ef lyfjaleifar finnast í matvælum. Eftirlit með innflutningi og markaðssetningu lyfja er einnig það sama.

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti reglur um skráningar og tilkynningar vegnar lyfjapolinna sýkla árið 2013. Niðurstaðan er sú að ekki gildi sömu reglur þar sem ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar hefur ekki verið innleidd á Íslandi. Þó hafa farið fram sýnatökur að hluta samkvæmt þeim reglum sem fram koma í ákvörðuninni, en búist er við að hún verði innleidd bráðlega og að sýnatökur samkvæmt þeim reglum sem þar koma fram verði framkvæmdar í ár. Eftirlit á Íslandi er því enn sem komið er minna en í ríkjum ESB.

7. *Hvort er líklegra til að stuðla að sýklalyfjapoli í fólki, ofnotkun á sýklalyfjum í heilbrigðiskerfinu, eða innflutningur á kjöti frá öðrum ríkjum EES?*

Það er skoðun höfunda að takmörkuð tengsl séu milli lyfjapols sýkla hjá fólki og hjá dýrum ef undan er skilið það fólk sem vinnur með húsdýr og þau áhrif sem gæludýr gætu hugsanlega haft, en það hefur ekki verið tekið með í þær tilgátur sem settar hafa verið fram í þessari skýrslu. Ef sú tilgáta er lögð til grundvallar mun innflutningur á kjöti frá öðrum ríkjum EES hafa takmörkuð áhrif á lyfjapol sýkla í fólki. Það er því niðurstaða höfunda að ofnotkun sýklalyfja í heilbrigðiskerfinu sé nær alfarið orsök lyfjapols sýkla hjá fólki.